



Eitraðir sveppir í Noregi

Í skóginum vaxa bæði matsveppir og eitraðir sveppir. Sumir af eitruðustu sveppunum í Noregi geta líkst matsveppum í öðrum löndum. Hafið samband við Giftinformasjónen ef grunur leikur á eitrun.



Toppeiturlepringur (Cortinarius rubellus) (til vinstri) er eitraður og getur vaxið innan um matsveppi eins og grálúður (Craterellus tubaeformis) (fjórir sveppir til hægri).

Minnislisti fyrir örugga sveppatíslu

- Farðu á sveppanámskeið.
- Tíndu og hreinsaðu alltaf einn svepp í einu.
- Kynntu þér norska sveppi og eitraða sveppi í Noregi. Sveppategundir eru mismunandi milli landa og heimsálfa. Matsveppir í öðrum löndum gætu líkst sveppum sem eru eitraðir í Noregi.
- Notaðu nýjar og uppfærðar upplýsingar um sveppi.
- Notaðu aðeins matsveppi sem eru gott hráefni til matar. Fleygðu ormétnum eða skemmdum sveppum.
- Matsveppurinn ætti að vera fullþroskaður eða hafa nægilega mörg einkenni til að hægt sé að greina hann til tegundar.
- Hafðu mismunandi sveppategundir aðskildar í körfunni, til dæmis í mismunandi ílátum.
- Vertu alveg viss um hvaða svepp þú tínir, borðar eða býður öðrum.
- Láttu sveppafræðing eða sveppasérfræðing skoða sveppina, annaðhvort á sveppaskoðunarstað í nágrenni við þig eða í gegnum norska snjallsímagreiningarforritið.
- Notaðu aldrei gervigreind til að greina sveppi sem á að nota til matar. Kannaðu hvort þinn sveppur passar við lýsingu tegundarinnar sem þú eða sérfræðingur taldi hann vera.



Eitruðustu sveppirnir í Noregi

Sveppirnir sem fjallað er um í þessum bæklingi geta valdið varanlegum skaða á líffærum eins og lifur og nýrum. Í Noregi finnast einnig aðrir eitraðir sveppir og sveppir sem ekki er mælt með til manneldis. Ekki er fjallað um þá í þessum bæklingi. Sjá www.soppognyttevekster.no fyrir frekari upplýsingar um matsveppi.



Hvítserkur / Váserkur (hvít fluesopp)

Amanita virosa

Allur sveppurinn er hvítur (hattur, stafur, fanir og hold). Á stafnum er kragi, en hann getur fallið af. Neðsti hluti stafsins stendur í slíðri (poka). Sveppurinn er algengur í skógum.



Grænskerkur / Vomuserkur (grønn fluesopp)

Amanita phalloides

Litur hattsins getur verið breytilegur, frá grænum yfir í brúnan og gulan. Fanirnar og stafurinn eru hvít. Á stafnum er kragi, en hann getur fallið af. Neðsti hluti stafsins stendur í slíðri (poka). Sveppurinn er sjaldgæfur í Noregi.



Viðarkveif (flatklokkehatt)

Galerina marginata

Hatturinn og fanirnar eru gulbrúnar. Stafurinn getur verið breytilegur að lit, frá gráum til brúns með lítinn kraga ofarlega og er alveg sléttur neðan hans. Þetta er lítill sveppur sem vex yfirleitt í þyrpingum á berki og trjástubbum en einnig í viðarkurli. Sveppurinn er algengur.



Skermur (smá parasollsopper)

ættkvíslin *Lepiota*

Sveppir í ættkvíslinni *Lepiota* eru smáir og erfitt er að greina þá hverja frá öðrum. Ekki er vitað hvaða tegundir innan þessarar ættkvíslar kunna að vera eittraðar. Fanirnar eru í hvítum litbrigðum. Hatturinn er flösóttur og getur verið mismunandi á litinn. Stafurinn getur verið með eða án kraga. Stafurinn getur verið hvítur eða af öðrum lit. Hold sveppsins er hvítt.

Eitrun af völdum hvítserks, grænsersks, viðarkveifar eða sveppa af ættkvíslinni *Lepiota*

Jafnvel mjög lítið magn af þessum sveppum getur valdið alvarlegri eitrun. Einkenni koma fram 6–24 klukkustundum eftir neyslu og geta verið mikill, vatnskenndur niðurgangur, kviðverkir og uppköst. Mikil hætta er á lífshættulegum lífrarskaða innan 2–3 daga.

Ef grunur leikur á neyslu þessara sveppa skal hafa samband við Giftinfomasjónen til að fá ráð um frekari meðferð og eftirfylgni.



Toppeiturlepringur (spiss giftslørsopp)

Cortinarius rubellus

Allur sveppurinn er rauðbrúnn (hattur, fanir, stafur og hold). Sveppurinn er algengur í skógum.



Eiturlepringur (butt giftslørsopp)

Cortinarius orellanus

Líkist toppeiturlepringur, en hefur flatan eða ávalan hatt. Þetta er sjaldgæfur sveppur. Sveppurinn vex í laufskógum.

Eitrun af völdum toppeiturleprings og eiturleprings

Jafnvel mjög lítið magn af þessum sveppum getur valdið alvarlegum nýrnaskaða. Einkenni eitrunar geta komið fram fyrst eftir að minnsta kosti 36 klukkustundir. Einkennin geta verið ógleði, uppköst, kviðverkir, þorsti, vöðvaverkir, svimi, örmögnun og vanlíðan. Sumir hafa lítil eða engin einkenni áður en nýrnaskaði kemur fram. Mikil hættu er á alvarlegum nýrnaskaða innan 3–14 daga.

Ef grunur leikur á neyslu þessara sveppa skal hafa samband við Giftinfórnasjónen til að fá ráð um frekari meðferð og eftirfylgni.



Giftinfórnasjónen

Hringið í 22 59 13 00

(opið allan sólarhringinn)



Norges sopp- og nyttevekstforbund (www.soppognyttevekster.no) sheldur sveppanámskeið og sveppagöngur. Kynntu þér smáforritið [Digital soppkontroll](#) – þjónustu þar sem sveppasérfræðingar fara yfir sveppina.

Bæklingurinn var unninn af Giftinfórnasjónen hjá Folkehelseinstituttet (2026).

Nánari upplýsingar um sveppi og eitranir má finna á www.giftinfo.no.

Ljósmyndir: Per Marstad.